

# LANDGRÆÐSLUSJÓÐUR

ÁRSSKÝRSLA 2012

REKSTRARREIKNINGUR 2012



## Skýrsla stjórnar Landgræðslusjóðs til aðalfundar Skógræktarfélags Íslands 2013

Að afloknum aðalfundi Skógræktarfélags Íslands á s.l. ári var kosið í stjórn Landgræðslusjóðs. Stjórnina skipa Magnús Gunnarsson, Puríður Yngvadóttir og Guðbrandur Brynjúlfsson úr stjórn Skógræktarfélags Íslands og að auki sitja í stjórninni, sbr. ákvæði í 7. gr. skipulagsskrár sjóðsins, Landgræðslustjóri, Sveinn Runólfsson og Skógræktarstjóri, Jón Loftsson.

Á fundi í stjórn Landgræðslusjóðs á haustdögum 2012 var verkaskipting ákveðin þannig, að Guðbrandur var kjörinn formaður stjórnar og Sveinn Runólfsson varaformaður.

Stjórn Landgræðslusjóðs fundar þegar þurfa þykir og voru tveir stjórnarfundir haldnir á starfsárinu.

**Ársreikningur** fyrir árið 2012, ásamt endurskoðunarskýrslu, var unninn af útibúi KPMG ehf í Borgarnesi. Samkvæmt rekstrarreikningi voru rekstrargjöld umfram rekstrartekjur kr. 23.6 millj. og þar af voru styrkveitingar tæpar 22 millj. kr. sem skiptist þannig að 11,2 millj. voru almennir styrkir skv. skipulagsskrá sjóðsins og 10,8 millj. af arfi eftir Hjálmar R. Bárðarson og konu hans Else S. Bárðarson.

Fjármunatekjur umfram fjármagnsgjöld voru 11.5 millj. kr. og rekstrarniðurstaða ársins neikvæð um 12 millj. kr. Eignir sjóðsins voru í árslok fasteignir að fjárhæð 22,8 millj. , verðbréfaeign upp á 325,3 millj. og handbært fé 5,3 millj. kr. Eigið fé í árslok 2012 var 352,9 millj. kr. og hafði lækkað um 10,8 milljónir frá fyrra ári. Að öðru leyti en hér greinir vísast til ársreiknings sjóðsins sem fylgir með fundargögnum.

**Í skýrslu** stjórnar sjóðsins til aðalfundar 2012 voru reifaðar vangaveltur um það hvort ástæða gæti verið til að endurskoða skipulagsskrá Landgræðslusjóðs, sem er frá árinu 2001, og reglur um úthlutanir styrkja, sem eru frá árinu 2002. Á stjórnarfundum í desember 2012 voru skipulagsskrá og úthlutunarreglur styrkja tekin til umræðu. Niðurstaða stjórnar var sú að leggja til við þennan aðalfund að gera breytingu á 7. gr. skipulagsskrárinnar, sem fjallar um stjórn sjóðsins, og liggur tillaga þar að lútandi fyrir þessum fundi. Stjórnin sá hins vegar enga ástæðu til að gera breytingu á reglum um úthlutanir styrkja, enda álit hennar að þær hafi dugað vel hingað til. Á sama stjórnarfundum fór einnig fram umræða um hugsanlega sölu á jörðinni Langabotni í Geirþjófsfirði, en engin ákvörðun tekin þar um, heldur ákveðið að skoða málið nánar á komandi hausti. Ástæða þessara hugleiðinga er einfaldlega sú að Landgræðslusjóður hefur engar tekjur af umræddri jörð, en stjórn sjóðsins ber skylda til að ávaxta eignir hans sem best svo hægt sé að styðja við skógrækt og landgræðslu, einkum á vegum aðildarféлага Skógræktarfélags Íslands, eins og segir í 6. gr. skipulagsskrár sjóðsins.

**Ávöxtun** á fjármunum Landgræðslusjóðs var léleg á s.l. ári. Nafnávöxtun var 5,26%, verðbótapáttur vaxta var 4,52% og raunávöxtun því einungis 0,74%. Svo litla raunávöxtun höfum við ekki séð síðan hrúnárið 2008. Það sem af er yfirstandandi ári hefur ávöxtunin verið ágæt og komi ekki til einhverjar kollsteypur á fjármálamörkuðum fram að áramótum ætti yfirstandandi ár að koma vel út. Eins og mörg undangengin ár var sjóðurinn með samning við Arionbanka um fjárvörzlu.

**Úthlutun styrkja** skv. skipulagsskrá var engin á yfirstandandi ári vegna lélegrar raunávöxtunar í fyrra og var skógræktarfélagunum tilkynnt um það í bréfi í febrúar s.l. Eins og ykkur, stjórnendum skógræktarfélaganna, er kunnugt um hefur úthlutun styrkja úr Landgræðslusjóði farið fram í apríl eða maí á undanförunum árum. Stjórn Landgræðslusjóðs hefur orðið vör við nokkra óánægju með að úthlutun eigi sér stað svo seint og er það vel skiljanlegt þar sem félögin gera væntanlega fjárhags- og framkvæmdaáætlanir sínar í byrjun árs, eða jafnvel í nóvember eða desember fyrir næstkomandi ár. Ástæða þess að ekki hefur verið hægt að úthluta fyrr er sú að ársreikningur hefur ekki legið fyrir frágenginn fyrr en í apríl og stundum í byrjun maí. Því hefur verið rætt um það á vettvangi stjórnar að færa úthlutunina fram á haust eða byrjun vetrar og þá yrði úthlutað til verkefna hjá styrkþegum á næstkomandi ári, en skv. ráðstöfunarfé sjóðsins á næstliðnu ári. Gott væri að heyra álit ykkar á þessari hugmynd.

**Minningarsjóður** Hjálmars R. Bárðarsonar og Else S. Bárðarson, sem Landgræðslusjóður og Landgræðsla ríkisins stofnuðu á haustdögum 2010 með 20 milljóna króna fjárframlagi frá hvorum aðila af arfinum eftir þau hjón er nú á þriðja starfsári sínu. Á yfirstandandi ári hlutu þrjú rannsóknaverkefni styrki, en þau eru: **Skordýrabeit í landgræðsluskógum og lúpínubreiðum**, sem Halldór Sverrisson stýrir. **Kortlagning Alaskalúpínu á Íslandi**, í umsjá Kristínar Svavarsdóttur og **Rannsókn á áburðaráhrifum belgjurta í skógrækt og landgræðslu**, á vegum Jóns Guðmundssonar. Tvö fyrrnefndu verkefnin hafa áður hlotið framlög, en verkefni Jóns Guðmundssonar hlýtur nú framlag í fyrsta sinn. Samanlagðar fjárhæðir framangreindra styrkveitinga eru 4,2 millj. króna.

**Á stjórnarfund** í Landgræðslusjóði 30. maí s.l. var samþykkt að styrkja fjögur valin landgræðsluskógaverkefni með fé af arfinum eftir Hjálmar og Else Bárðarson á yfirstandandi ári. Um er að ræða verkefni á Ássandi í Kelduhverfi, í Þjórsárdal, við Hvaleyrarvatn í Hafnarfirði og á Langahrygg í Mosfellsdal. Þrjú fyrst töldu verkefnin hafa áður hlotið framlög, en verkefnið á Langahrygg er nýtt. Hvert verkefnanna hlýtur 3 milljóna króna framlag í ár. Eins og áður hefur komið fram eru Hjálmar og Else reistir minnisvarðar í sérstökum minningarlundum á hverju þessara svæða.

Í árslok 2012 var óráðstafað af arfinum ríflega 39 millj. króna.

**Að endingu** vil ég, f.h. Landgræðslusjóðs, færa skógræktarfélagunum í landinu beztu þakkir fyrir samskiptin á árinu, einnig stjórn og starfsfólki Skógræktarfélags Íslands og öðrum þeim er sjóðurinn hefur átt samskipti við. Aðalfundinum óska ég velfarnaðar í störfum sínum.

Brúarlandi, Mýrum 13. ágúst 2013

Guðbrandur Brynjúlfsson

Landgræðslusjóður  
Ársreikningur 2012

Númer í sjóðaskrá 1401

# Efnisyfirlit

---

	<b>Bls.</b>
Skýrsla og áritun stjórnar .....	3
Áritun óháðs endurskoðanda .....	4
Rekstrarreikningur .....	5
Efnahagsreikningur .....	6
Sjóðstreymisyfirlit .....	7
Skýringar .....	8
Fylgiskjöl:	
1. Yfirlit um fræbanka .....	10

# Skýrsla og áritun stjórnar

---

Samkvæmt rekstrarreikningi námu gjöld umfram tekjur á árinu 12,0 millj. kr. Eigið fé sjóðsins í árslok 2012 samkvæmt efnahagsreikningi nam 352,9 millj. kr. en vísað er til ársreikningsins varðandi jöfnun taps og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum. Stjórnin er ólaunuð en vörsluaðili fær greiddan útlagðan ferðakostnað.

Stjórn sjóðsins staðfestir hér með ársreikning Landgræðslusjóðs yfir árið 2012 með undirritun sinni.


Reykjavík, 30.5 2013.

Í stjórn:



Guðbrandur Bynjúlffsson

kt. 300448-8019 Brúarlandi, 311 Borgarnes




Jón Loftsson

kt. 021245-2249 Stóra Sandfelli, 701 Egilsstaðir



Magnús Gunnarsson

kt. 291050-4179 Lynghvammi 6, 220 Hafnarfjörður



Sveinn Runólfsson

kt. 280446-2549 Gunnarsholti, 851 Hella



Puriður Yngvadóttir

kt. 110652-4459 Reykjum, 270 Mosfellsbær

Vörsluaðili:

Guðbrandur Brynjúlffsson

Brúarlandi

311 Borgarnes

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

Til stjórnar Landgræðslusjóðs.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Landgræðslusjóðs fyrir árið 2012. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstremisýfirlit, upplýsingar um helstu reikningskilaaðferðir og aðrar skýringar.

## Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem þeir telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

## Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Alit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Landgræðslusjóðs á árinu 2012, fjárhagsstöðu hans 31. desember 2012 og breytingu á handbæru fé á árinu 2012, í samræmi við lög um ársreikninga.

## Staðfesting vegna skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 5. tl. 1. mgr. 106 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Borgarnesi, *30/12* 2013.

**KPMG ehf.**

*Konráð Konráðsson*

# Rekstrarreikningur ársins 2012

	Skýr.	2012	2011
<b>Rekstrartekjur:</b>			
Styrkir og gjafir .....		4.000	15.853.822
Tekjur af eignarhlutum .....		1.084.430	900.222
Aðrar tekjur .....		350.000	4.921
		<u>1.438.430</u>	<u>16.758.965</u>
<b>Rekstrargjöld:</b>			
Styrkveitingar skv. skipulagsskrá .....		11.180.000	10.035.000
Aðrar styrkveitningar .....		10.759.866	14.025.898
Framlag í minningarsjóð Hjálmars og Else .....		0	20.000.000
Kostnaður vegna fasteigna .....	5	1.363.429	712.245
Annar kostnaður .....	6	1.702.604	1.311.940
		<u>25.005.899</u>	<u>46.085.083</u>
<b>Rekstrarhagnaður (-tap) fyrir fjármagnsliði .....</b>		( 23.567.469)	( 29.326.118)
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):</b>			
Vaxtatekjur .....		411.048	2.974.176
Tekjur af verðbréfum og hlutabréfum .....		16.838.739	37.033.042
Vaxtagjöld og bankakostnaður .....		( 11.637)	( 3.565)
Fjármagnstekjuskattur .....		( 5.707.947)	( 1.590.619)
<b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals .....</b>		<u>11.530.203</u>	<u>38.413.034</u>
<b>Rekstrarniðurstaða ársins (nækvæð) .....</b>	10	( 12.037.266)	<u>9.086.916</u>



# Efnahagsreikningur 31. desember 2012

	Skýr.	2012	2011
<b>Eignir</b>			
Fasteignir.....	2,7,8	22.799.500	21.548.500
Verðbréfaeign.....	9	325.272.332	323.847.872
	Fastafjármunir alls	348.071.832	345.396.372
Ýmsar skammtímakröfur .....		4.375.000	108.091
Handbært fé.....		950.574	18.200.923
	Veltufjármunir alls	5.325.574	18.309.014
	<b>Eignir samtals</b>	<b>353.397.406</b>	<b>363.705.386</b>
<b>Eigið fé:</b>			
Eiginfjárreikningur.....		352.904.366	363.690.632
	Eigið fé samtals	352.904.366	363.690.632
<b>Skammtímaskuldir:</b>			
Aðrar skammtímaskuldir.....		493.040	14.754
	Skuldir samtals	493.040	14.754
	<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<b>353.397.406</b>	<b>363.705.386</b>

# Sjóðstreymisyfirlit árið 2012

	Skýr.	2012	2011
<b>Rekstrarhreyfingar:</b>			
Rekstramiðurstaða ársins samkvæmt rekstrarreikningi .....	10 (	12.037.266)	9.086.916
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Gengismunur verðbréfa .....		14.941.666 (	26.388.124)
Veltufé frá rekstri (til rekstrar)		2.904.400 (	17.301.208)
<b>Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:</b>			
Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun .....	(	4.266.909)	747.956
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun) .....		478.286 (	18.210)
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	(	3.788.623)	729.746
Handbært fé til rekstrar	(	884.223)	16.571.462)
<b>Fjárfestingarhreyfingar:</b>			
Verðbréf, breyting .....	(	16.366.126)	92.418.371)
Fjárfestingarhreyfingar	(	16.366.126)	92.418.371)
<b>Lækkun á handbæru fé .....</b>	(	17.250.349)	108.989.833)
<b>Handbært fé í ársbyrjun .....</b>		18.200.923	127.190.756
<b>Handbært fé í árslok .....</b>		950.574	18.200.923

# Skýringar

## Reikningsskilaaðferðir

### 1. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Landgræðslusjóðs er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er í öllum meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

### 2. Fastafjármunir

Fasteignir eru færðar til eignar á fasteignamati og er matsbreytingin færð yfir eigið fé. Afskriftir eru ekki reiknaðar.

### 3. Verðbréfaeign.

Sjóðurinn hefur gert samkomulag við Arion banka hf. um eignastýringu. Skráð verðbréf í eigu sjóðsins eru eignfærð á markaðsvirði í árslok. Skattur af fjármagnstekjum er gjaldfærður við greiðslu.

### 4. Hafnbært fé

Bankainnistæður teljast til handbærs fjár.

## Sundurlíðanir

### 5. Kostnaður vegna fasteigna greinis þannig:

	2012	2011
Fasteignagjöld .....	328.591	313.241
Viðhald og rekstur húsnæðis .....	1.011.389	376.372
Tryggingar .....	23.449	22.632
	<u>1.363.429</u>	<u>712.245</u>

### 6. Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:

Sími, burðargjöld og skrifstofuvörur .....	52.497	26.755
Ökutækjastyrkur .....	81.144	113.360
Eignarstýringar- og fjárvörsluþóknun .....	509.420	614.595
Aðkeypt þjónusta .....	435.399	284.634
Dagpeningar .....	250.000	250.000
Ferðakostnaður .....	133.916	0
Annar kostnaður .....	240.228	22.596
	<u>1.702.604</u>	<u>1.311.940</u>

## Varanlegir rekstrarfjármunir:

### 7. Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Húseignir Reykjavík	Hrísakot Ingunnarstaðir	Langi-Botn	Samtals
Bókfært verð 1.1.2012.....	12.910.000	5.474.500	3.164.000	21.548.500
Breyting fasteignamats.....	735.000	330.000	186.000	1.251.000
Bókfært verð 31.12.2012.....	<u>13.645.000</u>	<u>5.804.500</u>	<u>3.350.000</u>	<u>22.799.500</u>

## Skýringar, frh.:

### 8. Fasteignamat og vátryggingaverð

Fasteignamat mannvirkja nam samtals 19,3 millj. kr., hlunninda 1,1 millj. kr. og lóða 2,4 millj. kr. í árslok 2012. Á sama tíma var brunabótamat fasteigna samtals 50,5 millj. kr.

### 9. Verðbréf

Verðbréfaeign greinast þannig:

	Markaðsverð	Bókfært verð
Lán til Skógræktarfélags Íslands, óverðtryggt, 5% fastir vextir .....		87.500.000
Skráð verðbréf .....	231.405.293	231.405.293
Hlutabréf .....	6.367.039	6.367.039
Verðbréfaeign samtals 31.12.2012 .....		<u>325.272.332</u>

### 10. Eigið fé

<i><b>Yfirlit um eiginfjárreikning:</b></i>	2012	2011
Eiginfjárreikningur í ársbyrjun .....	363.690.632	354.738.466
Endurmat fasteigna sbr. skýring 7 .....	1.251.000 (	134.750)
Rekstrarniðurstaða ársins .....	( 12.037.266)	9.086.916
Eiginfjárreikningur í árslok .....	<u>352.904.366</u>	<u>363.690.632</u>

### 11. Skuldbindingar

Landgræðslusjóður hefur samþykkt að styrkja ýmis skógræktarfélög í landinu og nemur skuldbinding vegna þessa 9,9 millj. kr. í árslok 2012. Styrkirir verða gjaldfærðir og greiddir þegar styrkþegi hefur skilað inn til sjóðsins skriflegri greinargerð um framgang verkefnisins og kostnað.

### 12. Tengdir aðilar

Landgræðslusjóður hefur átt viðskipti við tengda aðila. Sjóðurinn lánaði Skógræktarfélagi Íslands 87,5 millj.kr. í árslok 2011. Lánið er til 25 ára, óverðtryggt og ber fasta 5% vexti. Af styrkúthlutunum ársins eru 1.750 þús. kr. til Skógræktarfélags Íslands.

### 13. Önnur mál.

Á fylgiskjali 1 er yfirlit um rekstur og stöðu Fræbanka Landgræðslusjóðs á árinu 2012. Landgræðslusjóður hefur umsjón með rekstri Fræbanka, en hlutverk hans er að fjármagna kaup á trjáfræi til skógræktar. Í árslok námu eignir Fræbankans 4,5 millj. kr., en þær eru ekki færðar í efnahagsreikningi Landgræðslusjóðs.

## Rekstraryfirlit ársins 2012

---

**Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):**

Vaxtatekjur og verðbætur.....	245.317
Fjármagnstekjuskattur og bankakostnaður .....	( 88.443)
	<u>156.874</u>

**Rekstrarniðurstaða ársins .....** 156.874

## Efnahagsreikningur 31. desember 2012

---

**Eignir:**

Verðbréfaeign.....	3.246.823
Bankainnstæður .....	<u>1.259.848</u>

**Eignir samtals** 4.506.671

**Eigið fé:**

Flutt frá fyrra ári .....	4.349.797
Rekstrarniðurstaða ársins .....	<u>156.874</u>

**Eigið fé samtals** 4.506.671